

Reykjavík, 24.3.2023.

**Efni: Umsögn höfuðsafnanna þriggja um drög að tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til eflingar barnamenningar fyrir árin 2024–2028. 804. mál.**

Í samráðsgátt, dags. 18. janúar 2023 eru kynnt drög að tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um eflingu barnamenningar á Íslandi fyrir árin 2024–2028.

Höfuðsöfnin fagna því að með tillögunni sé stigið myndarlegt og nauðsynlegt skref til eflingar barnamenningu. Mjög mikilvægt er að efla þátt menningar meðal barna í því skyni að búa þau vel undir farsæla, heillaríka og hamingjusama framtíð í sátt við samfélag, náttúru og umhverfi. Ekki virðist vera vanþörf á, svo sem PISA-kannanir á náttúrulæsi meðal ungmenna bera með sér.

Hér gegna höfuðsöfnin þrjú lykilhlutverki sem leiðandi stofnanir hver á sínu sviði með miðlægt hlutverk á landsvísu. Fræðsla og móttaka á nemendum hefur verið órofa þáttur í starfsemi höfuðsafnanna í rúm 40 ár. Því er ljóst að höfuðsöfnin búa að mikilli reynslu er varðar miðlun til barna og ungmenna með margvíslegum hætti og kveðið er á um ríka þjónustu við skóla, börn og ungmenni í stefnuskrám og aðgerðaáætlunum safnanna, m.a. um miðlun og aðgerðir sem tengjast hæfniviðmiðum aðalnámskrár og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem lúta að börnum og menningu.

Með miðstöð um barnamenningu gefast ýmis áhugaverð tækifæri sem lúta að grundvelli barnamenningar, þ. á m. að rannsaka aðgengi barna og ungmenna á landsvísu að mismunandi menningu á sviði þjóðmenningar, lista og náttúru, og kanna framfylgd sveitarfélaga gagnvart þeim ramma sem aðalnámskrá setur um listnám og náttúruvísindi (t.d. tímafjöldi). Þannig gæti Miðstöð um barnamenningu orðið sveitarfélögum og ríki ráðgefandi í því skyni að stíga áfram mikilvæg skref í átt að öflugri barnamenningu á Íslandi.

Í greinargerð með aðgerðaráætlun er rakin forsaga málsins og sagt að skoðuð hafi verið umgjörð barnamenningar í Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Áhugavert væri að skoða barnamenningu í Finnlandi þar sem list- og menningarnám barna er í hávegum haft og fagleg umgjörð er sterk. Þar er jafnt staðið að listnámi ólíkra listgreina og aðgengi barna jafnt, í dreifðum byggðum landsins.


Listasafn Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands hafa öll tekið þátt í og sótt sjálf um ýmis verkefni í Barnamenningarsjóð sem hafa gert söfnunum kleift að efna til margs konar spennandi samstarfs við vísindamenn, listamenn, börn, nemendur og kennara. Með slíkum verkefnum hefur orðið til áhugaverð þekking og tengslanet sem er ómetanlegt. Í söfnunum hefur byggst upp mikil þekking á vandaðri miðlun. Söfnin hafa mikinn hug á frekara samstarfi á þessu sviði og einkum hvernig mætti miðla menningu, skilning á náttúru og list betur til íbúa utan höfuðborgarsvæðisins.

Til að festa stór verkefni í sessi og nýta sem best þá þekkingu sem orðið hefur til, m.a. innan höfuðsafnanna, teljum við að það gæti aukið skilvirkni að skipta barnamenningarsjóði upp í tvennt þannig að annars vegar yrðu styrkt verkefni til lengri tíma, t.d. þriggja ára, og hins vegar styrkir til

verkefna sem vara skemur. Slíkt fyrirkomulag myndi auðvelda viðkomandi að ráðast í stærri verkefni og til verkefna sem tengjast landsbyggðinni. Með verkefnum til lengri tíma, ætti grundvöllur miðlunar að styrkjast til framtíðar.

Í ljósi mikillar reynslu sem byggst hefur upp innan höfuðsafnanna á því að þróa kennslufni og miðla menningu og listum til barna óska höfuðsöfnin þrjú hér með eftir að eiga sameiginlega fulltrúa í stjórn Miðstöðvar barnamenningar. Söfnin myndu skiptast á að skipa stjórnemann til tveggja ára í senn.


Með vinsemd og virðingu,



Hilmar J. Malmquist,  
Forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands.



Harpa Þórsdóttir  
Þjóðminjavörður.



Ingibjörg Jóhannsdóttir,  
Safnstjóri Listasafn Íslands.

